



## Fundargerð 5. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Zoom, þriðjudaginn 4. apríl kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Jóhannsson (HJ), Aðalsteinn Símonarson (AS), Jón Þór Jónsson (JPJ) og Halldór Viðar Hauksson (HVH), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS).

**Mættir varamenn:** Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Kolbrún Vignisdóttir (KV).

**Fjarverandi:** Ari Halldór Hjaltason (AHH) aðalmaður.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Reglugerð um upptöku og útsendingar

Stjórn bærust mótmæli frá BA og KK við fyrirhugaðri reglugerð sem send var til allra aðildarfélaga í síðustu viku. Ekki bærust formleg viðbrögð frá öðrum félögum.

Miklar umræður urðu um málið og var ýmsum hliðum og sjónarmiðum velt upp og sitt sýndist hverjum.

HRR fór af fundinum undir þessum lið.

KV kom á fundinn undir þessum lið.

Fram kom tillaga um að TMP væri falið að ræða við formenn allra aðildarfélaga til að leita eftir þeirra sjónarmiðum varðandi þessi mál. Sú tillaga var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur. Þá lagði TMP til að greidd yrðu atkvæði um hvort gefa ætti út reglugerðina óbreytta sem send var til kynningar hjá aðildarfélögnum í síðustu viku. Felld var í atkvæðagreiðslu með fjórum atkvæðum gegn þremur að fullgilda hina nýju reglugerð og verður því ekki aðhafst frekar í málinu að sinni.

### 2. Starfsmaður fyrir AKÍS

Drög að auglýsingu voru lögð fram til umræðu.

Auglýsingin var kláruð og TMP mun setja hana í birtingu á alfreð.is á morgun. Stjórnarmenn munu síðan dreifa þeirri auglýsingu sem víðast á samfélagsmiðlum.

### 3. Önnur mál

**Námskeið fyrir keppnistímabilið** - Baldvin Hansson og fleiri eru langt komnir með undirbúning námskeiðs fyrir dómnefndir og keppnisstjóra.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom og Engjavegi 6, þriðjudaginn 11. apríl kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 21.58